

UMHVERFIS- STEFNA

Umhverfisstefna Origo er sett fram til að leggja áherslu á að umhverfissjónarmið séu höfð að leiðarljósi í daglegri starfsemi. Meginmarkmið er að samstæðan leggi sitt af mörkum í þágu sjálfbærrar þróunar.

UMFANG

Umhverfisstefnan tekur til allrar starfsemi Origo og dótturfélaga auk allra starfsmanna samstæðunnar. Starfsmenn og stjórnendur samstæðunnar skulu kynna sér efni stefnunnar og framfylgja henni, auk þess að leita leiða til umbóta í umhverfismálum. Framfylgja skal öllum lagakröfum á sviði umhverfismála í starfsemi samstæðunnar. Með umhverfisstefnunni skuldbindur samstæðan sig til að vinna markvisst að því að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif starfseminnar.

MARKMIÐ

- Efla umhverfisvitund starfsfólks og hvetja starfsmenn til að bera virðingu fyrir umhverfinu
- Endurnýta og endurvinna það sem fellur til í rekstrinum og farga öðru á viðeigandi hátt
- Orkunotkun verði haldið í lágmarki og leitast við að draga úr mengun
- Innkaup fyrirtækisins taki mið af umhverfissjónarmiðum þar sem því verður við komið
- Leitast við að þróa umhverfisvænar upplýsingatæknilausnir fyrir viðskiptavinum
- Leitast við að efla umhverfisvitund viðskiptavina og hvetja til endurvinnslu

LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM

- Umhverfisnefnd verði sett á laggirnar sem hefur það hlutverk að stuðla að fræðslu fyrir starfsfólk með það að markmiði að efla umhverfisvitund auk þess að veita ábyrgðaraðilum aðgerðaaðhald.
- Gerð skal aðgerðaaætlun til tveggja ára í senn þar sem leiðir að markmiðum og aðgerðir eru útlistaðar og ábyrgð á árangri skilgreind.

ÁBYRGÐ

Forstjóri er ábyrgur fyrir framkvæmd umhverfisstefnunnar en umhverfisnefnd fyrirtækisins skal í umboði forstjóra fylgjast með framkvæmd stefnunnar og endurskoða reglulega. Sérhver starfsmaður framfylgir umhverfisstefnunni og hefur hana að leiðarljósi í öllu starfi sínu.

EFTIRFYLGNI OG ENDURSKOÐUN

Umhverfisstefna samstæðunnar er sett fram til langs tíma en skal yfirfarin á tveggja ára fresti eða oftari ef þörf krefur. Aðgerðaaætlun er sett til tveggja ára í senn. Árlega skal umhverfisnefnd gera grein fyrir stöðu umhverfismála í samstæðunni með skýrslu til forstjóra.